

**Aukaaðalfundur Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna,  
haldinn á Bókasafni Kópavogs kl. 9:00  
föstudaginn 24. nóvember 2017**

*Fundarstjóri: Margrét Sigurgeirsdóttir*

*Fundarritari: Líska Z. Valdimarsdóttir*

Margrét Sigurgeirsdóttir gjaldkeri SFA setti fundinn kl. 9:15 og bauð fundargesti velkomna.

1. Lagabreytingartillögur

Margrét fór yfir tillögur að lagabreytingum. Helstu breytingar voru þessar:

- Ensku heiti samtakanna hefur var bætt við (1. gr.)
- Lögnum hefur verið skipt niður í kafla.
- Nokkrar stafavillur voru lagfærðar.
- Stjórn kosin til tveggja ára í senn í stað eins (5. gr.)
- Skoðunarmenn kosnir til tveggja ára í senn líkt og stjórn (9. gr.)
- Reikningsár félagsins verði almanaksárið (7. gr.)

Fundarmenn samþykktu ofangreindar tillögur, en auk þeirra var samþykkt að:

- Stjórn í heild skipti með sér verkum eftir kosningu á aðalfundi og tekið úr lögum að formaður verði sérstaklega kosinn á aðalfundi (5. gr.)
- Aðalfundur standi á undan aukaaðalfundi í fyrstu setningu (10. gr.)
- Aukaaðfund skal líkt og aðalfund boða með minnst 30 daga fyrirvara (9. gr.)
- Aðalfund og aukaaðfund skal boða skriflega (9. gr.)
- Tillögur um lagabreytingar skulu hafa borist stjórn að minnsta kosti 14 dögum fyrir boðaðan aðalfund eða aukaaðalfund (10. gr.)

Öllum ofangreindum tillögum að lagabreytingum er vísað til aðalfundar.

2. Samfélagsmiðlun sem virkar, erindi frá Margeiri Steinari Ingólfssyni, sérfræðingi hjá Hugsmiðjunni um samfélagsmiðla.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11:45